

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Fossaleyfir 1, Egilshöll.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 23. maí 2014 breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Fossaleyfir, Egilshöll. Í breytingunni felst að gera nýjan byggingarreit fyrir ný íþróttahús, þ.e. fimleika- og handboltahús, hækka byggingarmagn og fækka bílastæðum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lambhagavegur 23.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 23. maí 2014 breytingu á deiliskipulagi Lambhagalands vegna lóðarinnar nr. 23 við Lambhagaveg. Í breytingunni felst stækkun lóðar til austurs, færsla á byggingarlinum og færsla á eystri aðkomu.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Lautarvegur 2-16.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 23. maí 2014 breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna lóðanna nr. 2-16 við Lautarveg. Í breytingunni felst fjölgun íbúða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Krókháls 13.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 2. maí 2014 breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar – Stekkjarmóa – Djúpadals vegna lóðarinnar nr. 13 við Krókháls. Í breytingunni felst að kvöð um lagnir sem nú er norðan/vestan við lóðina verði færð austur/suður fyrir lóðina.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 5. júní 2014.

Björn Axelsson.